


Hafnarfjarðarbær
B/t. Rósu Guðbjartsdóttur
Bæjarstjóra Hafnarfjarðarbæjar.

	Hafnarfjarðarbær
Innk:	4/7 2019
Málsnr:	1907 076
Bréfal:	400

Hvers vegna Sorgarmiðstöð?

Fyrr eða síðar upplifa allar fjölskyldur sorg/harm vegna andláts ástvina/r. Hér á landi deyja um 2000 einstaklingar árlega og því er ljóst að fjölmargir, bæði börn og fullorðnir, eiga um sárt að binda¹. Sem betur fer komast velflestir upp úr sorginni með aðstoð stórfjölskyldunnar eða vina, en hluti syrgjenda þarf og óskar eftir utanaðkomandi aðstoð í sorgarferlinu. Sú þörf getur komið fram fljótlega eftir andlát. Hún getur líka birst nokkrum árum síðar og þá oft í kjölfar annars áfalls, ef viðkomandi hefur ekki verið búin/n að „fara í gegnum“ fyrri sorg/ir. Að vinna sig upp úr sorg tekur tíma og það þarf að viðurkenna mikilvægi þess að það sé gert - jafnvel með setningu laga um orlof vegna andláts. Má í því sambandi nefna fæðingarorlof sem tiltekna hliðstæðu. Viðkomandi þarf tíma til aðlögunar nýs lífs.

Auk markviss stuðnings við einstaklinga og fjölskyldur í sorg getur Sorgarmiðstöð eftt samfélags-umræðu um mikilvægi úrvinnslu sorgar, bæði til að bæta félagslega virkni syrgjenda og minnka líkur á heilsubresti þeirra við áföllin. Rannsóknir hafa sýnt að góð úrræði í sorg fækka geðheilbrigðisvandamálum og flýta félagslegri endurhæfingu syrgjenda. *Heilbrigði* byggir á andlegri, líkamlegri og félagslegri líðan hvers og eins og Sorgarmiðstöð getur stuðlað að bættir lýðheilsu og þar með eftt heilbrigði samfélagsins.

Við eigum fund með landlækni 9. júlí þar sem við munum kynna áherslur Sorgarmiðstöðvar og óska eftir samstarfi.

Aðdragandi að stofnun Sorgarmiðstöðvar

Þann 5. nóvember 2018 undirrituðu fjögur grasrótarfélög á sviði sorgarúrvinnslu viljayfirlýsingu um stofnun *Sorgarmiðstöðvar*.² Þetta eru: Ný döggun, kt. 441091-1689, Birta, kt. 670514-1610, Ljónshjarta, kt. 601213-0950 og Gleym mér ei, kt. 501013-1290.

Upphafið að samþykktinni má rekja til vinnufundar sem haldinn var í mars 2017 um spurninguna „Hvað getum við gert betur í þjónustu við syrgjendur á Íslandi?“ Þar komu saman 28 manns sem starfa með einum eða öðrum hætti með syrgjendum, bæði úr heilbrigðisstéttum, frá lögreglu, þjóðkirkjunni og áður nefndum grasrótarsamtökum. Fundurinn skilaði þeirri eindregnu niðurstöðu að bæta þyrfti þjónustu við syrgjendur. Aðstoðin væri of dreifð, ekki samhæfð eða samræmd og af ýmsu tagi. Því væri æskilegt að koma upp miðstöð þar sem fá megi upplýsingar um alla þjónustu á einum stað, með símtali, heimsókn og á vefsíðu. Áður nefnd félög tóku því höndum saman og hófu formenn þeirra undirbúning að stofnun Sorgarmiðstöðvar. Undirrituð stuðningsyfirlýsing barst frá ýmsum aðilum³ og í nóvember 2018 fékk félagið Sorgarmiðstöð kennitölu.⁴ Þá þegar var sótt um styrki til félagsmálaráðuneytis og heilbrigðisráðuneytis og fengust samtals 2.5 mkr sem afhentar voru í mars 2019. Þar með skapaðist grundvöllur til að hefja starfsemina samkvæmt tilgangi, markmiðum og áætluðum verkefnum í Samþykktunum félagsins.

Væntanleg starfsemi Sorgarmiðstöðvar

Til að byrja með er áhersla á gerð vandaðrar heimasíðu þar sem syrgjendur geta á einum stað fundið fræðslu og úrræði/bjargráð sem þeim bjóðast. Þar verður miðlað dagskrá sem Sorgarmiðstöð stendur fyrir, kynnt starfsemi stuðningshópa o.fl. Heimasíðan er í vinnslu og gert er ráð fyrir að hún verði að mestu tilbúin í lok ágúst 2019. Með opnun síðunnar verður Sorgarmiðstöð jafnframt formlega opnuð og þá þarf hún að vera komin með „heimili“ fyrir þá starfsemi sem áformuð er fyrsta starfsárið en hún er í grófum dráttum þessi, en getur átt eftir að breytast:

¹ Hagstofan. Öll íslensk dánarvottorð eru send Hagstofunni, skráð og flokkuð þar eftir dánarorsök/orsökum. Á þessu ári gaf Hagstofan í fyrsta skipti út fjölda barna sem misst hafa foreldri. Þau eru alls 1007 á 10 árum, frá 2009 til 2018. Þar af létust um 35 feður á aldrinum 30 til 39 ára vegna sjálfsvíga.

² Sjá fylgiskjal 1 Yfirlýsing

³ Sjá fylgiskjal 2 Stofnun Sorgarmiðstöðvar

⁴ Sjá fylgiskjal 3 Samþykktir fyrir Sorgarmiðstöð

xx. sept. 2019 formleg opnun Sorgarmiðstöðvar - dagskrá:

- Kynning, tónlist, ávarp, tónlist og fræðsla: Sigurbjörg Sara Bergsdóttir um „bjargráð í sorg“
24. sept. Fræðsla: Guðrún Jóna Guðlaugsdóttir um „að missa í sjálfsvígi“
15. okt. Fræðsla: Birna Dröfn Jónasdóttir um „að missa foreldri“
5. nóv. Fræðsla: K. Hulda Guðmundsdóttir um „þegar makinn deyr“
xx. des. Fræðsla: Elísabet Lorange um „börn og ungmenni í sorg“
14. jan. 2020 Fræðsla: Steinunn Sigurþórsdóttir um „að missa barn“
11. feb. Fræðsla: (fyrirlesari?) fíknidauði
17. mars Fræðsla: (fyrirlesari?) afinn og amman og sorgin
14. apríl Fræðsla: Sigríður Þormar hjúkrunarfr. Almennt um sorgina
12. maí 1. aðalfundur Sorgarmiðstöðvar
Bæta inn að missa á meðgöngu. Fræðsluerindi og hópastarfi (í skoðun)

Sigurbjörg Sara Bergsdóttir áfallasérfræðingur hjá Lausninni, fjölskyldu- og áfallamiðstöð.

Guðrún Jóna Guðlaugsdóttir hjúkrunarfræðingur. Missti barn í sjálfsvígi. Stýrir stuðningshópum sjálfsvíga hjá Nýrri dögum ásamt sr. Sigfúsi Kristjánssyni.

Elísabet Lorange er sjálfstætt starfandi listmeðferðarfræðingur og hefur m.a. verið með námskeið hjá Ljósinu

Birna Dröfn Jónasdóttir MS í verkefnastjórnun. Missti ung foreldri. Stýrir stuðningshópum foreldramissis hjá Nýrri dögum.

K. Hulda Guðmundsdóttir MA í guðfræði. Missti maka 1998. Stýrir stuðningshópum makamissis hjá Nýrri dögum og í samvinnu við Ráðgjafarþjónustu Krabbameinsfélagsins.

Steinunn Sigurþórsdóttir grunnskólakennari. Missti barn af slysförum. Stýrir stuðningshópum barnmissis ásamt fleirum hjá Nýrri dögum.

Eftir er að velja fyrirlesara og fræðsluefni fyrir febrúar og mars 2020 og mögulega fleiri. Gaman væri að vera í samstarfi við Hafnarfjarðarbæ um það.

Stuðningshópar og námskeið

Stuðningshópar eru yfirleitt í sex skipti þar sem hver samvera er áætluð 90 mín.:

Fyrir þau sem misst hafa

nákominn í sjálfsvígi: Hefst 26. sept.

foreldri ótímabært: Hefst. 11. sept.

maka: Hefst 12. nóv. Skipt í eldri og yngri hópa.

barn: Hefst 16. jan. 2020.

nákominn af völdum fíknar: Áætlað í febrúar 2020.

Starfið byggist mest á jafningjafræðslu og þeir sem leiða hópastarfið hafa gengið í gegnum þann missi sem um ræðir og sótt námskeið á vegum Nýrrar dögunar í hópastarfi.

Þá hefur sr. Sigríður Kristín Helgadóttir Frikirkjuprestur í Hafnarfirði stýrt stuðningshópum makamissis og Matti Ósvald Stefánsson PCC-markþjálfari hjá Profectus í Hafnarfirði hefur unnið með „karlmenn í sorg“ í hópastarfi hjá Ljónshjarta. Frekara samstarf við þau væri æskilegt.

Einnig þarf að undirbúa og koma á hópastarfi fyrir börn og ungmenni í sorg. Í skoðun er 8-10 vikna hópastarf í samstarfi við Elísabetu Lorange listmeðferðarfræðing.

Þá er áformað núvitundarnámskeið í september fyrir ungmenni í samstarfi við Krabbameinsfélagið og sjálfstyrkingarnámskeið fyrir börn og ungmenni í samstarfi við Ljósið hefst í haust.

Fasir liðir á hverju ári

Sorgarmiðstöð verður í samvinnu við ýmsa aðila um dagskrá sem er árlega þann 10. september á alþjóðadegi sjálfsvígsforvarna. Þá er samstarf við Ráðgjafarþjónustu Krabbameinsfélagsins um hópastarf fyrir ekkjur og ekla og tækifæri eru á samstarfi við aðila á borð við Kraft, Ljósið og Pieta og önnur mannúðarfélög.

Þá er samstarf við Landspítala og Þjóðkirkjuna um aðventustund fyrir syrgjendur sem haldin er í kirkju á höfuðborgarsvæðinu og er hugsuð fyrir fólk sem misst hefur ástvin á árinu.

Viðtöl, greining og mat

Sorgarmiðstöð vill styðja syrgjendur strax eftir missi eða um leið og þess er óskað. Það þurfa ekki allir slíka aðstoð, en ýmsir þættir geta aukið á sorg og því verður farið yfir sérstakan gátlista (n.k.

áhættumat) með þeim sem leita til Sorgarmiðstöðvar⁵. Helstu áhættuþættir sem auka hættu á flókinni sorgarúrvinnslu eru:

- Óvænt dauðsfall, voveiflegur dauðdagi, slys, sjálfsvíg
- Stuttur aðdragandi dauðsfalls, lítill undirbúningur
- Erfið áfallasaga
- Lítið stuðningsnet
- Félagsleg einangrun

Í viðtali fer fram greining á stöðu syrgjandans. Þá er farið yfir áhættuþætti og síðan er lagt mat á hvaða úrræði henti viðkomandi best. Um væri að ræða fræðslu eða frekari viðtöl, vísun á sérfræðinga, boð um þátttöku í stuðningshópi eða boð um stuðningsaðila sem hefði sömu reynslu. Stuðningsaðilar þurfa að sitja námskeið (haldið í haust) hjá fagaðila til að geta annast stuðninginn.

Þá getur verið um að ræða að syrgjandi þurfi stuðning í praktískum málum, bæði hvað varðar útför, greftrun eða réttindamál. Eins getur þurft að hjálpa aðstandendum að útbúa stuðningsnet (sbr. „deildu ábyrgðinni“ e. share the care)

Eftir er að forma þessa ferla endanlega innan Sorgarmiðstöðvar.

Börn - ósýnilegu syrgjendurnir

Rannsóknir hafa sýnt að börn gleymast í áföllum. Þeir fullorðnu eru miður sín vegna eigin vanlíðunar og ráða ekki við að huga að börnunum eða vilja „hlífa“ þeim. Aðkoma fagaðila er of tilviljanakennd og ómarkviss. Skýrslur Rannsóknarstofnunar í barna- og fjölskylduvernd (RBF) árin 2015 og 2017 benda á mikilvægi bættrar þjónustu við börn⁶ og Sorgarmiðstöð hefur metnað til að koma hér sterkt inn. Sorgarmiðstöð getur t.d. orðið lykilaðili í framkvæmd nýsamþykkrara laga nr. 50/2019 um *rétt barna sem aðstandendur*.⁷ Þetta gerir Sorgarmiðstöð með því að styðja heilbrigðisstarfsmenn, sýslumenn og skólustjórnendur við að tryggja framgöngu þess verklags sem lögin boða, en þau voru byggð á rannsóknarvinnu RBF frá 2015 til 2017. Aðhald Sorgarmiðstöðvar gæti skipt sköpum hvað þetta varðar, ekki síst í samvinnu við skólasamfélagið. Þá mun Sorgarmiðstöð leita eftir samstarfi við þá sem vinna með börn og sorg, m.a. „Örninn“⁸.

Léttir viðburðir

Með léttum viðburðum má skapa vettvang þar sem syrgjendur hittast óformlega. Þetta eru „opin hús“, kaffihúsakvöld eða annað slíkt.

Með góðri aðstöðu í Lífsgæðasetri Hafnarfjarðarbæjar getur Sorgarmiðstöð, auk þess sem að framan greinir, boðið upp á ýmsa viðburði fyrir börn og fullorðna s.s listasmíðju, jólabingó, pizzakvöld, spilakvöld og margvísleg námskeið í samstarfi við mismunandi fagaðila t.d. í sjálfstyrkingu, hugrænni atferlismeðferð, jóga o.m.fl., en ýmsir aðilar sem verða í Lífsgæðasetri eru með starfsemi sem Sorgarmiðstöð sér tækifæri í að tengjast.

5 Sjá fylgiskjal 4 (fyrirmynd): Gátlisti fyrir eftirfylgd með aðstandendum þeirra sem látast á líknardeild LSH.

⁶ „Það skiptir bara öllu máli hvernig við undirbúum börnin“ Greinargerð um rýnihópasamræðu fagfólks. Fyrsti hluti rannsóknar um stöðu barna við andlát foreldris. RBF (2015) og *Foreldri fær krabbamein – viðkvæm staða barna. Niðurstöður viðtalsrannsóknar 2015-2017*. Annar hluti rannsóknar um stöðu barna við veikindi og andlát foreldris. RBF (2017)

⁷ Sjá: <https://www.althingi.is/alttext/149/s/1707.html>

⁸ Markmið Arnarins er að „skapa vettvang fyrir börn og unglunga að koma og segja sögu sína í öruggu umhverfi“ Sjá: <https://www.arnarvaengir.is/>

Samstarf við Hafnarfjarðarbæ

Sorgarmiðstöð vill vera vettvangur sem skólasamfélagið leitar til þegar sorg ber að dyrum. Við getum boðið heimsókn í skólana með verkferla og stuðning. Þá getum við unnið fræðsluefni og/eða þýtt kennsluefni sem grunnskólarnir nýta sem hluta af lífsleiknikennslu.

Sorgarmiðstöð vill vera vettvangur sem upplýsir nærsamfélagið um sorg og sorgarviðbrögð og hjálpa því að takast á við dauðann og skilja að hann er hluti af lífinu og alls ekki alltaf óvinur. Þetta má t.d. gera með því að velja einhvern dag ársins sem „daginn sem við ræðum um lífið og dauðann yfir kaffibollanum“ og vera með dagskrá sem hvetur fólk til að setjast niður og velta fyrir sér tilteknum atriðum sem er gott og mikilvægt er að ræða um á meðan allt leikur í lyndi. Sumt er nefnilega orðið svo erfitt um að tala, ef veikindi eru lífsógnandi. Þá getur verið orðið of seint að ræða um dauðann.

Sorgarmiðstöð má ekki verða einangraður kими, heldur þarf hún að tengjast samfélaginu með virkum hætti. Þarna liggja tækifæri sem við sjáum ekki endilega fyrir í dag.

Hvaða aðstöðu óskum við eftir í Lífsgæðasetri Hafnarfjarðarbæjar?

a) 12-15 fermetra: Fyrir skrifstofu (heimasíða, svara póstum, skilaboðum, símtöl, skráningar og allt skipulag). Viðtöl við nýja syrgjendur, einstaklingsviðtöl og aðstoð við praktísk atriði (útför, réttindi, o.fl)

b) 20-25 fermetra: Hópastarf fyrir syrgjendur 6-8 hópar, fundaraðstaða, fjölskyldufundir, sameiginlegt rými til notkunar fyrir félögin er standa að sorgarmiðstöð. Gott skáapláss sem geymir bæklinga og annan varning sem okkur tilheyir.

c) Fundarsalur : Fræðsluerindi, margskonar viðburðir börn og fullorðnir, námskeið, opið hús o.fl. Salinn gerum við ráð fyrir að nýta c.a. 2-3x í viku og höfum heyrt í Evu varðandi það.

Ef einungis lítið rými er laust (ca 8m²) sem Eva sýndi okkur 20. júní munum við þiggja það, en vonumst eftir öðru rými/rýmum sem fyrst til að öll starfsemi Sorgarmiðstöðvar geti hafist.

29. júní 2019

Með vinsemd og virðingu,

K. Hulda Guðmundsdóttir,
stjórnarformaður Sorgarmiðstöðvar

Ina Ólöf Sigurðardóttir,
framkvæmdastjóri Sorgarmiðstöðvar

YFIRLÝSING:

Vid undirrituð, samþykkingum að formenn Nýrrar dögunar, kt. 441091-1689, Birtu, kt. 670514-1610, Ljónshjarta, kt. 601213-0950 og Gleym mér ei, kt. 501013-1290 vinni áfram að því markmiði að koma á fót Sorgarmiðstöð.

Í því felst, til að byrja með, að koma upp sameiginlegri heimasíðu þar sem miðlað verði fræðslu og starfsemi félaganna. Lénð er til: www.sorgarmidstod.is

Tekið verði mið af erlendu síðunum:

<https://www.thegriefcenter.org> og <https://childrensgrief.org/> í framsetningu.

Til að standa straum af kostnaði vefsíðugerðar samþykkingum við að sameiginlega verði sótt um styrki til velferðarráðuneytisins fyrir 12. nóvember 2018, sbr. auglýsingu Stjórnarráðsins.

Einnig verði sótt sameiginlega um styrki fyrir fræðsluerindum, upplýsingagiöf ráðgjöf o.fl., sbr. reglur styrkveitinga velferðarráðuneytisins.

Við samþykkingum einnig að leitað verði að húsnæði fyrir sameiginlega aðstöðu félaganna, en jafnframt að ekki verði tekin ákvörðun um slíka aðstöðu, eða ráðningu starfsmanns, fyrr en tillaga þar um hefur verið borin undir stjórnir allra félaganna og samþykkt.

Reykjavík 5. nóvember 2018

Nafn	Kt.	Félag
Bjarna Dóra Jónsdóttir	240185-2299	Ný Dögun
Pjetur Emilsson	180647-2289	Birta
Bjarna Björk Hjartardóttir	160858-2579	Ný dögun
Gunnvynja Guðlaugsd.	250170-4679	Ný dögun
Konrad Ásldór Konráðsson	070870-5929	Birta
Helga R. Þórnýsdóttir	26072-5859	Birta
Hrafnhildur Hafþensd.	070276-5429	Gleym mér ei
Þórunn Þálsdóttir	060579-5479	Gleym mér ei
Anna Lía Þjórnvöð	300828-5209	Gleym mér ei
Svanhildur Uga Grarsd.	280384-3059	Gleym mér ei
Karun Björk Guðjónsdóttir	11177-4819	Ljónshjarta
Anna Ólaf Sigurðardóttir	151076-4329	Ljónshjarta
Jane G. Jóhannsd.	150275-577	Ljónshjarta
Kristín Guðmundsd.	040560-2709	Ný dögun
Helga Lía	150361-2739	Birta
Þórný Bjarnsdóttir	090944-2159	Birta
Steinunn Sigrúnardóttir	040362-3559	Ný dögun
Lía Björk Ólafsdóttir	270576-4519	Ný dögun

f.h. Petrus
BDJ

Reykjavík, 9.11.2018

Stofnun sorgarmiðstöðvar

Við undirrituð lýsum eindregið yfir stuðningi við að sett verði á fót sorgarmiðstöð á Íslandi. Í gegnum störf okkar í návígi við dauðann og sorgina höfum við kynnst því hversu mikilvægt það er að syrgjendur, og þá sérstaklega þeir sem eiga í hættu á að þróa með sér flókin sorgarviðbrögð, hafi greiðan aðgang að stuðningi og ráðgjöf. Þetta teljum við mikilvægt til að fyrirbyggja andlega og líkamlega kvilla sem geta þróast hjá einstaklingum og haft áhrif til framtíðar á líf þeirra, heilsu og samfélagslega þátttöku. Í dag hefur stuðningur við syrgjendur byggst á framtaki grasrótarsamtaka sem hafa unnið gott starf, oft í sjálfböðavinnu. Tilviljun ræður því gjarnan hvort syrgjendur hafi vitneskju um þau úrræði sem í boði eru og einnig er misjafn eftir því með hvaða hætti andlát ber að eða eftir búsetu hvort syrgjendur fá eftirfylgni frá fagfólki og fræðslu um hvar frekari stuðning er að fá. Við teljum brýnt og löngu tímabært að formlegur stuðningur við syrgjendur verði markvissari og fögnum umræðu um stofnun sorgarmiðstöðvar.

Nafn	Starfsheiti
Lína Björk Ólafsdóttir	hjúkrunarfræðingur hjá Ráðgjafarþj. Krabbameinsfélagsins og HERU
Sigrún Lillie Magnúsdóttir	hjúkrunarfr. og forstöðumaður Ráðgjafarþjónustu Krabbameinsfélags
Salseldur Sýja Tardóttir	hjúkrunarfr. og djákni Hólskufræðingur MA og handleiðar HERA - sérhæft líknarþjónusta
Asdís Ingvarsdóttir	hjúkrunarfræðingur og deildarstjóri HERU - sérhæft líknarþjónusta
Valgerður Þingvartardóttir	upplýsingar líknardeildar og HERU - sérhæftra líknarþjónustu Landspítala
Óróa B. Pétursdóttir	hjúkrunarfr. og deildarstjóri við F.A.Í.
Gerdtoung Helga Ágústsdóttir	sjúkrahúspressur líknardeildar 25 H Kópavogi; þjálfandi fræðingur
Asdís Þóbjarnardóttir	Hjúkrunar- og lyóheilsufr. hjá HERU

Gunnbjörgna Una Guðmundsdóttir félagsráðgjafi
Ráðgjafarþjónusta Krabbameinsfélags

Pórr Snæbjörnsson

Sálfræðingur Kratts og Ráðgjafarþjónusta
Krabbameinsfélagsins

Nanna Þórunn

GEÐLÆKNIR, ~~GEÐSAD LAROSPTIHA~~

Þórunn Unnarsdóttir

Vardgjafi Stöðlaugavegur

Höfnborgarska

Nína Jónsdóttir

Hjúkrunarfræðingur
& verkætlanastjóri hjá Virk
Starfsmenntunarsjóð

Oddný Kristinsdóttir

Hjúkrunarfræðingur MS
og verkefnastjóri barnadeild

Rósa Kristjánsdóttir

djálmi-hjúkrunarfræðingur
deildarstjóri Sálgeslu presta og djálma
LST.

Kristín Lára Ólafsdóttir

Hjúkrunarfræðingur í
Lifunarráðgjafarþjónustu Landspítala

Emilía Kristín Þorvaldsdóttir

Sálfræðingur í hjúkrun
hvarfa sjúklinga LST

Samþykktir fyrir

Sorgarmiðstöð

1. gr.

Nafn og aðsetur

Félagið heitir Sorgarmiðstöð. Aðsetur þess er á heimili gjaldkera hverju sinni.

2. gr.

Tilgangur Sorgarmiðstöðvar

Tilgangur Sorgarmiðstöðvar er að styðja syrgjendur og þá sem vinna að velferð þeirra. Tilgangi sínum hyggst Sorgarmiðstöð ná með því að:

- a) Reka heimasíðuna - www.sorgarmidstod.is þar sem syrgjendur fá stuðning, fræðslu, ráðgjöf og geta fundið úrræði/bjargráð sem þeim bjóðast.
- b) Vinna að uppbyggingu Sorgarmiðstöðvar m.a. með styrkumsóknum og fjáröflun til starfseminnar.

3. gr.

Aðild að Sorgarmiðstöð

Aðild að Sorgarmiðstöð eiga Ný döggun (kt.441091-1689), Gleym mér ei (kt.501013-1290), Ljónshjarta (kt.601213-0950) og Birta,landssamtök (kt.670514-1010).

4.gr.

Helstu verkefni Sorgarmiðstöðvar

Tilgangi Sorgarmiðstöðvar skal meðal annars náð með náinni samvinnu aðildarfélaganna fjögurra sem öll hlúa að syrgjendum eftir ástvinamissi.

Helstu verkefni Sorgarmiðstöðvar eru:

- I. Stuðningur, ráðgjöf og fræðsla til syrgjenda og þeirra sem vinna að velferð þeirra. Miðlað m.a. á heimasíðu – www.sorgarmiðstod.is
- II. Rekstur viðburðadagatala þar sem eru upplýsingar um alla viðburði og úrræði sem aðildarfélögin bjóða upp á fyrir syrgjendur.
- III. Þekkingaruppbygging á sviði sorgarúvinnslu og stuðnings við aðstandendur. Fyrir skóla, viðbragðsaðila o.fl.
- IV. Útgáfa/dreifing fræðsluefnis um sorg og sorgarviðbrögð.
- V. Vinna að uppbyggingu og þróun Sorgarmiðstöðvar.

Handwritten signatures and initials in the bottom right corner, including "KBG", "ARS", "K.H.", "SOS", and "TOS".

5. gr.

Aðalfundur Sorgarmiðstöðvar

Aðalfundur Sorgarmiðstöðvar fer með æðsta vald í málefnum hennar og skal halda hann árlega eigi síðar en í maí ár hvert. Formaður skal boða til aðalfundar með minnst tveggja vikna fyrirvara með sannanlegum hætti og skal fundarefnis getið í fundarboði. Aðalfundur er löglegur ef rétt er til hans boðað. Fundarboði skal fylgja skrifleg skýrsla stjórnar ásamt ársreikningi árituðum af endurskoðanda samtakanna.

Dagskrá aðalfundar skal vera sem hér segir:

1. Kosning fundarstjóra og fundarritara.
2. Skýrsla stjórnar.
3. Afgreiðsla ársreiknings síðastliðins árs.
4. Fjárhagsáætlun yfirstandandi árs.
5. Kosning formanns.
6. Kosning endurskoðanda.
7. Önnur mál.

Starfstímabil og reikningsár Sorgarmiðstöðvar er almanaksárið.

6. gr.

Stjórn Sorgarmiðstöðvar

Stjórn Sorgarmiðstöðvar skal skipuð einum einstaklingi frá hverju aðildarfélagi. Hvert þeirra tilnefnir líka einn varamann fyrir sinn stjórnarmann. Stjórnarfundur er löglegur ef einfaldur meirihluti stjórnarmanna sækir fundinn. Á stjórnarfundum fer hver fulltrúi með eitt atkvæði og ræður einfaldur meirihluti úrslitum atkvæðagreiðslu. Falli atkvæði jafnt, ræður atkvæði formanns. Stjórn Sorgarmiðstöðvar fer með málefni hennar á milli aðalfunda og kýs sér formann, gjaldkera og ritara.

Stjórn skal hafa með höndum skipulag og eftirlit með störfum Sorgarmiðstöðvar á milli aðalfunda.

Stjórn skal rita fundargerðir þar sem bókaðar skulu niðurstöður hvers máls sem tekið er fyrir á fundi.

7. gr.

Fjármögnun Sorgarmiðstöðvar

Stjórn gerir tillögur um og ber ábyrgð á fjáröflun til rekstrar Sorgarmiðstöðvar, m.a. með með félagsgjöldum og styrktarumsóknum.

Gjaldkeri ber ábyrgð á vörslu og meðferð fjármuna í samstarfi við aðra stjórnarmenn. Jafnframt bera gjaldkeri og stjórn ábyrgð á gerð fjárhagsáætlunar til rekstrarins frá ári til árs.

Handwritten signatures and initials in blue ink, including names like KBG, H.H., and others.

8. gr.

Meðferð viðkvæmra upplýsinga

Fara skal með allar viðkvæmar persónuupplýsingar í tengslum við rekstur Sorgarmiðstöðvar sem trúnaðarmál og skal meðferð þeirra ávallt vera í samræmi við gildandi ákvæði laga hverju sinni, svo sem laga um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga.

Öflun gagna og upplýsinga fyrir Sorgarmiðstöð skal unnin í samvinnu við viðkomandi einstakling ef þörf reynist.

9. gr.

Breytingar á samþykktum þessum

Samþykktum þessum má breyta með atkvæðum 2/3 hluta allra aðildarfélaganna á aðalfundi og skal breytingartillagna getið og þeim lýst í fundarboði. Breytingartillögur skulu sendar formanni stjórnarí seinasta lagi 1. apríl til afgreiðslu á aðalfundi.

10. gr.

Þátttaka í Sorgarmiðstöð

Forsenda fyrir aðild að Sorgarmiðstöð er að fulltrúi aðildarfélags eða varamaður hans mæti á alla stjórnarfundi ár hvert.

11. gr.

Umsókn um aðild að Sorgarmiðstöð

Félög eða samtök með samhljóma markmið og Sorgarmiðstöð geta skriflega sótt um aðild að Sorgarmiðstöð, með bréfpósti eða tölvupósti. Umsókn þarf að berast formanni eigi síðar en í mars til að hægt sé að taka afstöðu til hennar á aðalfundi.

12. gr.

Aðildarfélag hættir í Sorgarmiðstöð

Aðildarfélag getur sagt sig úr Sorgarmiðstöð með tilkynningu til formanns Sorgarmiðstöðvar. Aðildarfélag sem ekki hefur hefur átt virkan fulltrúa í stjórn Sorgarmiðstöðvar tvö starfsár í röð fellur sjálfkrafa úr samtökunum.

13. gr.

Slit Sorgarmiðstöðvar

Við slit Sorgarmiðstöðvar renna eignir hennar í jöfnum hlutföllum til aðildarfélaga. Samþykktir þessar voru samþykktar á stofnfundi Sorgarmiðstöðvar og undirritaðar þann 6. nóvember árið 2018.

RBG H.H.
AGS JPS
KTHG
105

Reykjavík, 6. nóvember 2018

Aðalmenn í stjórn:

K. Hulda Guðmundsd.

K. Hulda Guðmundsdóttir

kt.0405060-2709

F.h. Nýrrar dögunar

Anna Lís Björnsdóttir

Anna Lís Björnsdóttir

kt.300878-5209

F.h. Gleym Mér Ei

Sveinbjörn Bjarnason

Sveinbjörn Bjarnason

kt.090944-2159

F.h. Birtu, landssamtaka

Ína Ólög Sigurðardóttir

Ína Ólög Sigurðardóttir

kt.151076-4329

F.h Ljónshjarta

Varamenn í stjórn:

Guðrún Jóna Guðlaugsd.

Guðrún Jóna Guðlaugsdóttir

kt.250170-4679

F.h. Nýrrar dögunar

Hrafnhildur Hafsteinsdóttir

Hrafnhildur Hafsteinsdóttir

kt. 070276-5429

F.h. Gleym mér ei

Helena Rós Sigmarsdóttir

Helena Rós Sigmarsdóttir

kt.261172-5859

F.h. Birtu, landssamtaka

Karen Björk Guðjónsd.

Karen Björk Guðjónsdóttir

kt. 111177-4819

F.h Ljónshjarta

KHG

EFTIRFÝLGD / GÁTLISTI FYRIR ÁHÆTTUMAT

Skrá skal úrræði / bjargráð sem eru nýtt nú þegar

eða sem myndu gagnast í legunni þegar merkt er við áhættuþátt

Mors /

Ímmiði

Já / Nei

- 1) Ef um börn undir 25 ára aldri er að ræða þá spyrja um: fyrri missi / sorg, fjölskylduaðstæður, félagslega stöðu, skólagöngu, vinatengsl, einelti. / Námsráðgjafi, forsvarsmenn skóla, leikskóla látnir vita.
- 2) Ágreiningur og samskiptaerfiðleikar:
- 3) Félagssleg og tilfinningaleg einangrun / ófullnægjandi stuðningsnet / Hvaða bjargráð eru nýtt?
- 4) Upplifun aðstandenda á ófullnægjandi einkennameðferð
- 5) Aðstandendur ómeðvitaðir um yfirvofandi andlát / vantar innsæi.
- 6) Aðrir atburðir sem valda streitu / T.d. fyrri missir, skilnaður, fjárhagserfiðleikar, slys, veikindi, misnotkun, / hvað hefur nýst best?
- 7) Sterk viðbrögð við erfiðleikum
- 8) Ófyrirsjáanlegt / hröð breyting án aðdraganda / lokastríð dregst á langinn / erfitt andlát

AÐDRAGANDI ANDLÁTS:

Ekki gleyma undirskrift

Úrræði / bjargráð :

- Prestur _____
- Sálfræðingur _____
- Félagssráðgjafi _____
- Fjölskyldufundur _____ / _____ / _____

- Annað _____
- Karitas _____
- Heimahlýning _____
- Engin þjónusta _____

Umráða á teymisfundi / útskýra ef EKKI ÞÖRF á fylgd þegar merkt hefur verið við áhættuþátt.